

Aðkoma sjálfstætt starfandi sérfræðinga í stuðningsteymum

skv. lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

Sjá nánar: [Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna](https://island.is/reglugerdir/nr/1180-2022) og reglugerð um tengiliði og málstjóra
<https://island.is/reglugerdir/nr/1180-2022>

Samkvæmt farsældarlögum ber öllum þeim sem vinna með börnum að stuðla að farsæld allra barna, hvort sem þeir eru skilgreindir sem þjónustuveitendur eða almennir þjónustuveitendur. Ábyrgð þjónustuveitenda sem starfa á vegum ríkis eða sveitarfélaga vegur þó þyngra. Samkvæmt 13. gr. farsældarlaga ber þjónustuveitendum skylda til að taka þátt í því samstarfi sem er í þágu farsældar barns þar með er talin seta í stuðningsteymi. Hvað varðar almenna þjónustuveitendur þá er hægt að bjóða þeim að taka sæti í stuðningsteymi þegar það á við.

22. gr. Stuðningsteymi og stuðningsáætlun.

Málstjóri skal stofna stuðningsteymi þar sem sitja fulltrúar þjónustuveitenda sem veita barni þjónustu. Heimilt er að bjóða þeim sem veita almenna þjónustu í þágu farsældar barns að taka sæti í stuðningsteymi ef þörf krefur.

Það er alltaf mikilvægt að upplýsingum varðandi vinnslu máls hjá sjálfstætt starfandi sérfræðingi sé miðlað til stuðningsteymis. Að allir þeir sem komi að barninu séu að róa í sömu átt og foreldrar og börn séu að fá sömu skilaboð úr öllum áttum. Spurningin er með hvaða hætti sú upplýsingamiðlun eigi að vera:

- Eru upplýsingarnar til í skriflegri samantekt?
- Er hægt að mælast til að skrifleg samantekt varðandi vinnslu málsins sé tekin saman af sjálfstætt starfandi sérfræðingi sem hluti af gjaldi sem tekið er fyrir vinnuna?
- Geta foreldrar miðlað upplýsingum frá sjálfstætt starfandi sérfræðingi til stuðningsteymis?
- Getur sjálfstætt starfandi sérfræðingur miðlað upplýsingum munnlega til málstjóra samþættingar?

Hér er um að ræða breiðan hóp sérfræðinga. Eftirfarandi er listi yfir fagaðila sem mögulega gætu komi að vinnu með börnum en taka skal fram að þetta er ekki tæmandi listi:

- Talmeinafræðingar
- Þroskaþjálfar
- Sálfræðingar
- Félagsráðgjafar
- Geðlæknar
- Barnalæknar
- Fjölskyldufræðingar
- Sérfræðingar í atferlismótun
- Sérfræðingur í skynjunarvanda

Eftirfarandi eru gagnlegar spurningar fyrir málstjóra þegar kalla á eftir upplýsingum frá sjálfstætt starfandi sérfræðingum sem starfa með börnum. Hér er ekki um tæmandi lista að ræða:

- Hver er aðkoma sérfræðings?
- Markmið vinnslu máls hjá sérfræðingi?
- Hversu oft hittir barn sérfræðing?
- Hversu lengi hefur sérfræðingur haft aðkomu að málinu?
- Hverju myndi aðkoma sérfræðings í stuðningsteymi bæta við?
- Hvernig er samstarfi foreldris/foreldra háttað við sérfræðing (eru foreldrar upplýstir um vinnslu með reglubundnum hætti?)
- Hversu lengi er áætlað að aðkoma sérfræðings að málinu vari?

Ef spurningar vakna varðandi gerð stuðningsáætlunar hvetjum við ykkur til að hafa samband við farsældarsvið Barna- og fjölskyldustofu í tölvupósti farsaeld@bofs.is eða í síma 530-2600.